

Hverfisnefnd Naustahverfis

47. fundur, 5. feb. 2013

Fundur haldinn í Pílutúni 6, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson, Ásdís Birgisdóttir, Claudia Lobindzus og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Bílastæðamál við Naustaskóla

Nú er greinilega farið að nota nýju bílastæðin vestan við skólann. Það þarf að fylgjast með að starfsmenn nýti þau stæði svo að stæðin næst skólanum séu laus fyrir foreldra skóla- og leikskólabarna. Einnig þarf að kanna hvort hægt sé að koma fyrir snúningshaus eða sleppisvæði einhversstaðar á bílastæðinu til bráðabirgða í vetur. Hverfisnefnd stingur upp á snúningshaus annað hvort vestast á stæðinu (að því gefnu að girðingin fari og mokað verði alltaf frá sleppisvæðinu að skólanum), eða fórna nokkrum stæðum austast á stæðinu og gera snúningshaus þar.

2. Umhverfisátak næstu árin

„Ákveðið hefur verið að hver hverfisnefnd fái til ráðstöfunar 2 m.kr og hverfisráðin í Hrísey og Grímsey 1 m.kr sem þær geta ráðstafað í umhverfismálum innan síns hverfis en allar ákvarðanir um framkvæmdir eru þó háðar samþykki framkvæmdadeildar/ráðs.“

- Skv. nýjustu upplýsingum hefur almenningur til 15. mars til að skila inn hugmyndum að einhverju umhverfistengdu. Hverfisnefnd mun funda með framkvæmdaráði eftir þá dagsetningu og í framhaldi af því koma með sína tillögu að því í hvað mætti eyða tveimur milljónunum.

3. Fundur með bæjarráði

Hverfisnefnd óskar eftir fundi með bæjarráði, þar sem stjórnarsýslunefnd hefur verið lögð niður og var því enginn fundur árið 2012. Stjórnarsýslunefnd sá um árlega fundi með hverfisnefndum þar sem farið var yfir samskiptin við bæinn en nú heyrna hverfisnefndirnar undir bæjarráð.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30.